



# Sandgerðisbær

Byggða- og húsakönnun  
september 2018

KANON ARKITEKTAR



## Efnisyfirlit

Inngangur	4
Afmörkun húsakönnunar	5
Sögubrot	6
Umhverfi	8
Þróun byggðar	11
Úr Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 - 2024	14
Menningarminjar - Friðun	14
Hverfisvernd	16
Kort yfir byggingartímabil	19
Kort yfir byggingarefni	20
Húsverndarkort	21
Varðveislumat	22
Húsaskrá	23-81
Heimildir	82



Sandgerði um miðja 20. öld

## Inngangur

Hér fer á eftir uppfærsla á byggða- og húsakönnun frá árinu 2014 á elstu byggð í þéttbýlinu í Sandgerði, á svæði við Krókskotstún og Landakotstún. Þar er um búsetuumhverfi og byggingar að ræða sem mikilvægt er að skrá og meta, til að koma í veg fyrir að byggðarsaga glatist.

Byggða- og húsakönnun er byggingarlistarleg og menningarleg úttekt; skoðun, greining, skráning og mat á bæjarumhverfi og einstökum húsum, studd nauðsynlegum frumheimildum og veitir könnunin yfirsýn yfir þann þéttbýliskjarna er reis fyrst í bæjarfélaginu. Hún tekur til sögu, bæjarmyndar, leifa elstu byggðar og heildarsvips. Einnig er fjallað lítillega um eldri bæjarhverfin sem lágu meðfram strandlengjunni vestanverðri, en þau kalla á sérstaka skoðun, greiningu og mat.

Tilgangur byggða- og húsakönnunar er m.a. að tryggja að ákvarðanir um breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á gildi því sem þau hafa fyrir umhverfi sitt og komandi kynslóðir. Á grundvelli niðurstöðu könnunarinnar er mótuð stefna um vernd sérstakra gæða byggðar og bygginga. Byggða – og húsakönnun er einnig, ásamt fornleifaskráningu, ein af aðalforsendum við tillögugerð fyrir verndarsvæði í byggð. Þá er byggða- og húsakönnun mikilvægt gagn til að uppfærða íbúa og læra af þeim um umhverfi og byggingararfleifð í sínu bæjarfélagi og til stofnunar vettvangs fyrir áhugasama um þann málaflokk. Könnunin er einnig grunnur fyrir og hvatning til umsóknar styrkja úr húsafríðunarsjóði til að gera upp merk hús. Unnið er eftir leiðbeiningum, skráningar- og matskerfi Minjastofnunar Íslands og Húsafríðunarnefndar um byggða- og húsakönnunir, frá árinu 2018.

Í staðfestu Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008 – 2024 er lögð sérstök áhersla á verndun byggingararfsins og menningarminja og sett þar fram markmið um gerð húsakönnunar. Í leiðarljósi í kaflanum um Byggð segir m.a.:

„Lögð verði áhersla á góða ásýnd byggðar og umhverfis með vandaðri hönnun. Tryggja skal samhengi eldri byggðar við tjarnsvæði og höfn og nýja framtíðarbyggð í austri og suðri“.

Í kjölfar leiðarljóssins eru m.a. eftirfarandi markmið sett:

- Góð tengsl byggðar við strandlengju, tjarnir og þjónustu.
- Samfelld byggð í bæjarkjarna og endurskipulagning á vannýttum svæðum og breytingasvæðum.
- Verndun og friðun skilgreindra bygginga, byggðar og búsetulandslags.

Í nágildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir þéttlingarsvæðum, þar sem breytingar eru mögulegar og fyrirsjáanlegar og þörf á deiliskipulagsgerð. Því er mikilvægt að gera heildræna húsakönnun fyrir elstu byggð í sveitarfélaginu öllu til að varpa ljósi á byggðarsögu og koma í veg fyrir að hún glatist.

Segja má að þessi fyrsta byggða- og húsakönnun megi nýtast sem ákveðinn grunnur fyrir frekari vinnu þessa eðlis í bæjarfélaginu, ásamt því að vera ein meginforsendan í tillögugerð fyrir verndarsvæði í byggð. Útfærsla hverfisverndarákvæða í aðalskipulagi, er að undangenginni húsakönnun sett fram í deiliskipulagi. Þá segir í skipulagslögum að: “Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.” Um verndarsvæði í byggð í skipulagsáætlunum er fjallað í lagabreytingu frá 2015.

Gerð húsakönnunarinnar árið 2014 var tilkomin vegna markmiða um húsvernd í aðalskipulagi og deiliskipulagsgerðar í elsta hverfi þéttbýlis í Sandgerðisbæ sem markast af Tjarnargötu, Brekkustíg, Norðurgötu, Austurgötu, Hlíðargötu, Víkurbraut og Strandgötu. Hvatning frá Húsafríðunarnefnd kom þar einnig til þegar nefndin auglýsti sérstaklega styrki til gerðar húsakönnunar og lagði áherslu á mikilvægi þess að sveitarfélögin í landinu ynnu slíka könnun og veitti m.a. Sandgerðisbæ styrk til þess. Þegar Sandgerðisbær hlaut styrk Húsafríðunarsjóðs til að vinna tillögu að verndarsvæði í byggð í samræmi við ný lög um verndarsvæði í byggð frá árinu 2015 og reglugerð frá 2016, var ljóst að ráðast þurfti í uppfærslu á húsakönnuninni.

Niðurstöður úttektar og mats á byggingum eru settar fram í texta/húsaskrá, ljósmyndum og kortum með byggingarefni húsa, byggingartímabili, húsverndarkorti og varðveislumati.

Á húsverndarkorti eru eftirfarandi verndarflokkar auðkenndir:

- Friðlýst hús og friðuð 100 ára og eldri, auðkennd með fjólubláum/bláum lit. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara. Friðlýsing er þinglýst kvöð. Sjá einnig 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

## Afmörkun húsakönnunar



• Í 29. gr. sömu laga, segir: “Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri eru friðuð”. Þetta gildir nú (september 2018) um hús og mannvirki byggð 1918 eða fyrr skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Viðbætur verða á skrá miðað við byggingarár. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

• Umsagnarskyld hús og mannvirki sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr og til stendur að breyta, flytja eða rífa, eru auðkennd með appelsínugulum lit. Skylt er að leita umsagnar Minjastofnunar í samræmi við 30. gr. ofangreindra laga.

• Einstök hús, húsaðir og götmyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna

byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/ eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennd með rauðum lit.

• Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennd með gulum lit.

Unnið var að húsakönnuninni í samvinnu við embættismenn og húsnæðis-, skipulags- og byggingarráð Sandgerðisbæjar.

Vettvangskönnun og myndataka fór fram árið 2010 og 2017.

## Sögubrot

Í Landnámu er sagt frá því að Ingólfur Arnarson hafi numið Reykjanesskagann sem og Rosmhvalanesið allt.

Óvíst er hvenær byggð hófst í Sandgerði, en trúlega hefur það verið á fyrstu áratugum búsetu norrænna manna á suðvesturlandi.

Árið 1886 skildu Miðnesingar sig frá öðrum byggðarkjörnum á nesinu og þá varð til Miðneshreppur sem náði frá Lambarifi við Garðskaga í norðri, meðfram strandlengjunni nánast að Garði og Leiru að austan og allt til Ósabotna við Hafnir að sunnan. Í desember 1990 varð Miðneshreppur svo að bæjarfélagi þegar Sandgerðisbær fékk kaupstaðarréttindi.



Íslandskort Þórðar Þorlákssonar, biskups, 1668.



Gert að fiski á 4. áratug 20. aldar.

Öldum saman var stunduð sjósókn frá Sandgerði á opnum bátum, enda stutt í fengsæl mið. Sandgerði var upphaflega útvegsjörð og með elstu höfuðbólum á Suðurnesjum þar sem fiskurinn í sjónum var bústofninn. Það er fyrst með tilkomu vélbátaútgerðar sem Sandgerði fer að byggjast upp sem þéttbýlisstaður, en frá þessari mikilvægu verstöð landsins hefur alla tíð verið stunduð mikil útgerð.



Kort af Reykjanesi gert af William Jackson Hooker 1809.



Frá Sandgerðishöfn um miðbik 20. aldar.

Árið 1901 varð Sandgerðisvík löggiltur verslunarstaður. Um það leyti voru nokkrir bæjarkjarnar á svæðinu, allir álíka stórir. Árið 1907 hófust framkvæmdir við bryggjustúf í Sandgerði á vegum Ísland-Færeyjar félagsins sem og tilraunir með vélbátaútgerð. Má rekja upphaf hafnarframkvæmda í Sandgerði til umsvifa þess félags, en félagið réð Matthías Þórðarson til þess að koma upp útgerðarstöð í Sandgerði. Á svonefndum “Hamri” voru reistar miklar byggingar og þar fyrir framan byggð steinbryggja.



**Að störfum um miðja 20. öld.**

Matthías fékk lánuð áhöldin sem notuð voru til byggingar steinbryggjunnar í Reykjavík. Verkfæri og efni í steinbryggjuna var flutt til Sandgerðis um áramótin 1907-1908 og timbrið skömmu síðar. Byggð var traust trébryggja á grandanum milli Hamarsins og lands. Guðmundur Einarsson steinsmiður hafði veg og vanda af hleðslu bryggjumannvirkjana.

Útgerð þessa félags stóð ekki lengi, en mannvirkin sem reist höfðu verið nýttust síðar í útgerð sem aðrir stóðu fyrir.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið staðfesti að Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður verði eitt sveitarfélag 30. apríl 2018.



**Við höfnina um miðja 20. öld.**



**Tjarnargata og Brekkustígur 1953. Krókskots- og Landakotstún upp til hægri. Efra Sandgerði og Miðnes til vinstri.**



**Húsin við höfnina 1953. Miðnes í forgrunni.**



**Stóra Langhús við Strandgötu árið 1965.**

## Umhverfi

Búsetulandslag er meðfram ströndinni. Staðhættir á Rosmhvalanesi hafa leitt til byggðarmynsturs mótuðu af landbúnaði og útgerð. Byggðin þræðir víkur og voga meðfram ströndinni. Húsnæði var staðsett á hæðardrögum og lágsvæðin ræktuð í skjóli garða. Þéttbýli Sandgerðisbæjar einkennist af sandfjörum, skerjum og víkum og byggt er út frá bújörðunum sem nú hafa tengst saman, þ.e. Flankastaðir.

Ágangur sjávar hefur löngum valdið miklum usla í Miðneshreppi, eins og víðar á Reykjanesskaga. Dæmi eru um bæi sem hurfu einfaldlega smátt og smátt í sjó af völdum sjávarágangs.

Myndarlega hlaðna garða er víða að finna sem sumir voru t.d. notaðir til skjóls við kálgarða.

Í riti Þorsteins Jósepssonar og Steindórs Steindórssonar, Landið þitt Ísland segir m.a.: “Sandgerðisvík skerst inn í vestanvert Rosmhvalanes.



Bæjarsker um 1940.



Sandgerðistjarnir.



Víkin afmarkast að sunnan og vestan af skerjaklasa sem nefnist einu nafni Bæjarskerseyri. Landið umhverfis Sandgerði er láglendi og að austan er Miðnesheiði, víða grýtt og gróðurlítill. Minjar eftir mikinn uppblástur sjást víða, stór rofabörð, sem sýna að fyrrum var jarðvegur mun meiri í heiðinni en nú er"... "Sjávarströndin er lág, víða sendin og mjög skerjótt. Sandfok herjaði áður á byggðina og eyðilagði oft fisk sem breiddur var til þurrkunar. En á árunum 1930-1950 var gert stóráttak í baráttunni gegn sandfokinu og það heft með melgresi. Landbrot hefur verið geysimikið á Miðnesi. Sést það á hinu mikla útfirri meðfram landinu, t.d. fram undan Kirkjubóli skammt norðan Flankastaða.

Upp af Lækjamótum og Hólahverfi eru Uppsalar. Suður af Oddstöft er gil eða melur, sem heitir Gulllág, líkast því að það sé farvegur eftir vatn og hafi runnið í sjó sunnan við Krókskot... ”

Saltfiskreitir voru víðs vegar um hreppinn, í öllum hverfum hans. Einn af þekktari reitunum var Gullláginn.



**Sandgerðistjarnir.**



**Séð yfir Krókskotstún að Brekkustíg.**

Í örnefnalýsingu fyrir Sandgerði er sagt frá því að Sandgerði hafi heitið Sáðgerði. Má og sjá merki akurlanda í landi jarðarinnar.”

Í annarri örnefnalýsingu segir: “Í Sandgerðistúni útnorður frá Krókskoti suður af Sandgerðisbæ er stór hóll, grasi vaxinn, sem heitir Álfhóll. Álfhóll var talinn bústaður álfa og fullyrt var að þar hrektist aldrei hey. Á þessum hól eru rústir.

Í örnefnalýsingu fyrir Sandgerði er m.a. getið um kotin Krókskot, Landakot og Tjarnarkot.

Nálægð við sjó, tjarnir og mólendi gefur bæjarumhverfinu sérkenni og margbreytileika. Trjágróður er ekki áberandi í bæjarlandinu, en víða má sjá tré í húsaörðum.



Rétt.



Víkurbraut 17.



Sandgerðisbær úr lofti.

## Þróun byggðar

Upphaf þorpsmyndunar í Sandgerði er rakið til ársins 1914 er Akurnesingarnir Haraldur Böðvarsson, Þórður Ásmundsson og Loftur Loftsson hófu útgerð þaðan. Á vetrarvertíð 1916 er talið að um eða yfir 40 bátar hafi stundað róðra frá Sandgerði á þeirra vegum. Stóð þessi útgerð í miklum blóma næstu fimmtán árin og með aukinni útgerð óx byggð í Sandgerði umfram aðra staði í sveitarfélaginu.

Árið 1915 voru umsvif útgerðar Haraldar Böðvarssonar orðin það mikil að hann taldi sig þurfa að útvega íbúðarhúsnæði á vertíð fyrir á annað hundrað sjómanna. Til viðbótar þessu var fjöldi starfsfólks í landi. Hann réðst því í húsbyggingar auk bryggjuframkvæmda og byggingu rafstöðvar í Sandgerði ásamt Lofti Lofssyni og var hún opnuð árið 1918. Rafstöðin, sem lýsti upp hús þeirra félaga, mun vera ein sú fyrsta sem byggð var á Suðurnesjum.



**Verslun og íbúðarhús Haraldar Böðvarssonar.**

Þegar þeir Loftur og Haraldur keyptu jörðina Sandgerði árið 1916, voru þeir fyrst og fremst að tryggja sér aðstöðu fyrir útgerð, fiskvinnslu og verslun.

Á þriðja áratug 20. aldar dróst útgerð Akurnesinganna mikið saman. Árið 1941 hætti Haraldur Böðvarsson rekstri í Sandgerði og seldi þeim félögum Sveini og Ólafi Jónssyni fyrirtæki sitt. Stofnuðu þeir hlutafélagið Miðnes. Allt fram til ársins 1946 var notast við bryggjurnar tvær sem byggðar voru snemma á 20. öld. Þá keypti Miðneshreppur bryggjurnar og voru þær endurbættar og stækkaðar. Árið 1974 var hafist handa við að loka höfninni fyrir úthafsöldu, með grjótgörðum og



**Við höfnina.**



**Sandgerðisviti 1953.**

hafa stöðugar hafnarbætur átt sér stað síðustu áratugin.

Húsnæðismál í Sandgerði báru þess ótvírætt vitni fram eftir 20. öld að þar var bær í hraðri uppbyggingu. Vandí var við að hýsa fjölda aðkomufólks sem kom á vertíð og margir úr þeim hópi settust að í Sandgerði. Byggingarfélag verkamanna í Sandgerði var stofnað árið 1947 og árið 1950 fékk félagið lóðir undir íbúðahús í Hjarðarholtstúninu. Gatan þar sem húsin voru reist fékk nafnið Túngata.



Túngata til vesturs.

Um bæinn Sandgerði segir í sömu lýsingu: “Um 1935 var steypdur mikill sjóvarnargarður fyrir landi Sandgerðis. Bærinn Sandgerði stóð við litla tjörn norðan til í hverfinu sem myndaðist snemma upp af Sandgerðisvörinni. Er tjörnin kennd við bæinn og heitir Sandgerðistjörn. Á seinni hluta 19. aldar var byggt tiltölulega stórt timburhús í stað gamla Sandgerðisbæjarins. Stendur húsið enn á tjarnarbakkenu.

Seint á fjórða áratug 20. aldar urðu mikil umskipti á aðstöðu til skólahalds í Miðneshreppi. Á árunum 1937 - 1938 var reist nýtt og myndarlegt skólahús í Sandgerði. Skólahúsið hefur verið stækkað nokkuð oft.



Úr Aðalskipulagi 1990.



Aðalskipulagsbreyting 1990.



Úr nýju Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024.

Kynding húsa var með mismunandi sniði í hinum ýmsu hverfum Miðneshrepps í upphafi 20. aldar. Mest fór það eftir því hvaða eldsneyti var nærtækt á hverjum stað. Kol voru mikilvæg til kyndingar um miðja 20. öld og var kolakynding ríkjandi fram yfir 1960. Kolageymslur voru við hvert hús í bænum. Þegar uppbygging þéttbýliskjarnans í Sandgerði var orðin skipulegri fjölgaði þeim húsum verulega sem höfðu olíukyndingu. Nýir orkugjafar til húshitunar komu svo til sögunnar þegar Hitaveita Suðurnesja hóf starfsemi sína.

Vitinn við Sandgerðishöfn var hækkaður um miðjan fimmta áratug 20. aldar, um tíu metra, í þá hæð sem hann er nú, sem er nítján metrar. Þegar byggðin stækkaði og lýsing húsa varð algengari fór lýsingin að trufla vitaljósið. Fyrir tilstuðlan sjómanna, sem skorðu á Vitamálastofnun að hækka vitann, var það gert og lokið við hækkun í ársbyrjun 1946.

Ein fyrsta umsvifamikla gatnagerðin í Sandgerði var gatan sem lá um Sandgerðistún og lögð var sumarið 1943. Lagning götunnar þótti það mikill þrældómur að hún fékk nafnið “Burma - braut” eftir þrælavinnu breskra hermanna í Burma á stríðsárunum. Nú eru þetta göturnar Brekkustígur og Tjarnargata sem eru innan könnunarsvæðisins.

Í nágildandi aðalskipulagi segir: “Þéttbýlið í Sandgerðisbæ hefur þróast upp af höfninni og markast nú af bænum Sandgerði í norðri og Býjarskeri í suðri. Elsta byggðin í þéttbýlinu er frá 19. öld og í norðurhluta þéttbýlisins milli Brekkustígs og Austurgötu eru gömul hús sem mynda þar heildstæða götumynd sem vert er að vernda og styrkja.

Strandgatan er helsta umferðar- og athafnagata bæjarins og við hana norðanverða er miðsvæðið Varðan, sem hýsir bæjarskrifstofur og ýmiss konar þjónustu og almenningsgarð. Þar sem Strandgatan mætir Vitatorgi er nú þegar komin starfsemi sem snýr að ferðaþjónustu, s.s. listagallerí og veitingastaður.

Ný byggð hefur risið til austurs s.l. fjóra áratugi í Lækjamótum og Hólhverfi, sem enn er í byggingu”.



Frá Sandgerðishöfn.



Úr þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags.

## Úr Aðalskipulagi

### Sandgerðisbæjar 2008 - 2024:

“Unnið er að húsakönnun þar sem skráður er elsti byggðarkjarni Sandgerðis við Krókskotstún og Landakotstún í tengslum við deiliskipulagsgerð. Svæðið afmarkast af Tjarnargötu, Brekkustíg, Hlíðargötu, Austurgötu, Víkurbraut og Strandgötu og næsta nágrenni. Í kjölfar niðurstöðu húsakönnunar verður gerð nákvæmari grein fyrir verndun og friðun í sveitarfélaginu.

Samkvæmt fornleifaskráningu sem unnin hefur verið fyrir þéttbýlissvæðið og helstu framkvæmdasvæði, er víða að finna merkilegar minjar.”

## Menningarminjar

### Friðun

(Í ofangreindu aðalskipulagi er fjallað um Þjóðminjavernd, en hér er kafla breytt í Menningarminjar- Friðun, í samræmi við Lög um menningarminjar nr. 80/2012)

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.



Sandgerðisbærinn, byggður 1883.



Krókskot.

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum ofangreindra laga. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.

Sjá númeraða staðsetningu á þemakorti um þjóðminjavernd, (nú friðun samkvæmt nýjum lögum um menningarminjar) og hverfisvernd og verndarsvæði úr Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024, á bls. 18, ásamt upplýsingalista bls. 15 og 17.

Þemakort og listi verða uppfærð við endurskoðun á Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 - 2024.

Þemakort og listi frá aðalskipulagi ná yfir stærra svæði og fleiri staði en afmarkað húsakönnunarsvæði.

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem



**Hvalsneskirkja.**

reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

Sjá einnig nánari skilgreiningu bls. 4 og 5.



### Hvalsneshverfi.

Fríðlýsing/fríðun	Lýsing
<b>F4</b> Hvalsneskirkja	Kirkjan var vígð á jóladag árið 1887. Hún var fríðlýst árið 1990. Hún er talin einhver allra fegursta steinkirkja landsins, hlaðin úr höggnu grágrýti úr Miðnesheiði. Altaristafla hennar er eftir Sigurð Guðmundsson, málarar, frumkvöðul í íslenskri málaralist. Magnús Magnússon múrari sá um steinsmiði kirkjunnar að mestu. Hann lærði til verka við byggingu Alþingishússins.
<b>F1</b> Hlaðin tóft ishúss	Íslensk-færeyska félagið lét reisa tóftina skammt ofan flæðarmáls í Fúlu árið 1908
<b>F2</b> Tjarnargata 7	Gamla Sandgerði frá árinu 1883. Húsið er byggt úr timbri sem var í lestum enska vöruflutningaskipsins Jamestown, sem strandaði rétt hjá Þórshöfn árið 1881. Það var eitt stærsta seglskip sinnar tíðar, rúmlega 100m langt og 20m breitt.
<b>F3</b> Efri- Flankastaðir	Bygging frá 1893
<b>F5</b> Básendi	Básendakaupstaðarleifar austan Stafness.
<b>F6</b> Lögrétta,	Forn hringur í Stafnestúni norðan bæjar.

## Hverfisvernd

Hverfisvernd byggir á 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en þar segir í skipulagsreglugerð:

“Ákvæði í svæðis- aðal- og deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja”.

Í aðalskipulagi hafa verið skilgreind svæði, byggingar, byggð og búsetulandslag sem falla undir hverfisvernd. Í vinnu við húsakönnun er þessum þáttum gerð nánari skil.

Öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Í deiliskipulagi er landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni nánar útfærð í samræmi við reglur settar í aðalskipulagi. Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal gerð húsakönnun sem höfð skal til hliðsjónar við ákvörðun um réttindi, skyldur og kvaðir samfara hverfisvernd.

Sjá staðsetningu á þemakorti um þjóðminjavernd, (nú friðun samkvæmt nýjum lögum um menningarminjar) og hverfisvernd og verndarsvæði úr Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024, á bls. 18, ásamt upplýsingalista bls. 15 og 17.

Þemakort og listi verða uppfærð við endurskoðun Aðalskipulags Sandgerðisbæjar 2008 - 2024.

Þemakort og listi frá aðalskipulagi ná yfir stærra svæði og fleiri staði en afmarkað húsakönnunarsvæði.



Horft til hafs.





Gálgar.




Steingarður í Hvalsneshverfi.



Hverfisvernd/tilkynninga skylda	Lýsing
<b>F10 – F19</b> Forn þjóðleið og gömlu þéttbýlishverfin	Ekki er vitað um aldur hinnar fornu þjóðleiðar, sem notuð hefur verið í gegnum aldirnar, sennilega frá upphafi byggðar á Rosmhvalanesi, en leiðar hennar sjást víða. Hinn fjölfarni vegur lá síðan frá Stafneshverfi með ströndinni fyrir Ósobotna til Kirkjuvogs, síðar Hafna og mikill samgangur var milli þessara byggða. Enn má rekja sig eftir veginum, sem víða er mjög heillegur, með vörðum, sem hlaðnar hafa verið í aldanna rás. Hverfisvernd gamalla gönguleiða felur m.a. í sér að vörðum og kennileitum, sem þeim tengjast, sé ekki raskað og að leiðir séu opnar og færar göngufólki, að deiliskipulag sé unnið og fornleifaskráning fari fram. Nokkur þéttbýlishverfi frá fornu fari voru meðfram strandlengjunni. Í þeim eru minjar um elsta búsetulandslag í sveitarfélaginu og má við fornleifaskráningu hugsanlega finna ýmsar minjar s.s. um útgerðarsögu hverfanna og þar með þjóðarinnar, en þjóðleiðir á Miðnesheiði lágu á milli verslunarstaða og útgerðarstaða. Ofan túngarða þéttbýlishverfanna lá gata áður fyrr, sem tengdi öll hin fornu byggðahverfi saman allt frá:
<b>F11</b> Kirkjubólshverfi	Kirkjubólshverfi í norðri, þar var áður höfðingjasetur og vettvangur merkilegra sögulegra atburða.
<b>F12</b> Flankastaðahverfi	Þar myndaðist bæjarhverfi snemma. Farkennsla hófst þar veturinn 1884-1885.
<b>F13</b> Sandgerðisjörðin	Sandgerðis er fyrst getið í Fornbréfasafni frá árinu 1270.
<b>F14</b> Bæjarskershverfi	Bæjarsker er ef til vill elsta höfuðból Suðurnesja. Bæjarskerseyrin þótti lengi ein besta veiðistöð Suðurnesja en hnignaði mjög í Básendaflóðinu árið 1799.
<b>F15</b> Fuglavíkurhverfi	Fuglavík var fyrr á tímum stórt útgerðarhverfi og voru þar einkum vermenn frá öðrum landshornum. Samhliða fiskveiðunum var þar mikil sölvatækja, en Íslendingar treystu um aldrið mjög á sól, til manneldis og sem skepnufóður.
<b>F16</b> Hvalsneshverfi	Þar var höfuðbólið Hvalsnes. Þar hefur frá fornu fari verið kirkjustaður og setið ýmsir þekktir prestar, frægastur þeirra séra Hallgrímur Pétursson. Steinunn dóttir hans er jarðsett þar. Prestakallið var lagt niður árið 1811.
<b>F17</b> Stafneshverfi	Stafnes var stórbýli með margar hjáleigur (í gömlum jarðabókum eru þar taldar 20 hjáleigur og tómtús) og útgerð. Þarna var fjölmennasta verstöð Suðurnesja á 16., 17. og 18. öld og miðstöð konungsutgerðarinnar þar og í Vestmannaeyjum. Um 1800 komst jörðin í bændaeigu. Töluverð selveiði var á Stafnesi fyrr á árum. Frá Stafnesi var röið af kappi fram undir miðja síðustu öld. Þar var reistur viti árið 1925.
<b>F18</b> Básendar	Básendar voru fyrrum kaupstaður og útræði á Reykjaneskaga og verslunar- og útgerðarstaður strax á 15. öld. Framan af voru þeir í eigu Viðeyjarklausturs en eftir siðaskiptin tók konungsvaldið útgerðina í sínar hendur og náði hún hámarki á fyrstu tugum 18. aldar. Verslun lagðist þar af eftir hið gríðarlega sjávarflóð, Básendaflóðið, í janúar árið 1799.
<b>F19</b> Þórshöfn	Þórshöfn, gamall verslunarstaður og helsti verslunarstaður Þjóðverja á 15. og 16. öld. Með einokunarversluninni minnkaði mikilvægi staðarins sem lagðist af sem verslunarstaður, en á 19. öld hófust skipakomur þangað aftur.
<b>F20</b> Elsta bæjargatan í Sandgerðisbæ.	Nokkur hús frá 19. og 20. öld sem mynda heildstæða götumynd við Brekkustíg og Tjarnargötu.
<b>F21</b> Víkurbraut/Austurgata	Svæði í krika norðaustan Víkurbrautar og Austurgötu. Gamall bæjarhóll og fornleifar. Minjar um elstu byggð í þéttbýli Sandgerðis.
<b>F22</b> Tjarnargata 4	Gamla sjúkraskýlið frá árinu 1934. Hefur varðveislugildi með tilliti til byggðarsögu og byggðarmynsturs.
<b>F23</b> Álfhóll	Grasi vaxin tóft. Samkvæmt munnmælum talinn bústaður álfa.
<b>F24</b> Brunnur	Brunnur í landi Krókskots. Dæmi um gamlan brunn sem varðveittur er á svæði sem gæti farið í byggð.
<b>F25</b> Tóft	Tóft í landi Landakots. Dæmi um grjóthlaðna tóft.
<b>F26</b> Tjarnargata 1 – 3.	Miðnes, byggt árið 1953. Byggingin hefur sterka stöðu í bæjarmyndinni og rík tengsl við atvinnusögu bæjarins.
<b>F27</b> Norðurgata 18	Samkomuhúsið Bjarmaland, Norðurgötu 18, byggt árið 1946. Sterk staða í bæjarmynd með torgmyndun við botn Brekkustígs.
<b>F28</b> Víkurbraut 9	Húsið Víkin. Dregur nafn sitt af Krókskotsvík eins og gatan Víkurbraut gerir.
<b>F29</b> Norðurgata 11	Metnaðarful “móðernistísk” bygging sem fellur vel að landi.
<b>F30</b> Austurgata 11	Gott dæmi um metnaðarfulla “móðernistíska” byggingarlist.
<b>F31</b> Austurgata 3a	Elsta steinsteypta hús í bænum. Byggt árið 1923.
<b>F32</b> Víkurbraut 17	Byggingin er gott dæmi um steinsteypt hús frá fyrri hluta 20. aldar. Það hefur einnig varðveislugildi sem mikilvægur hluti byggðarmynsturs.
<b>F33</b> Víkurbraut 15	Krókskot. Varðveislugildi út frá byggðarsögu og staðsetningu í bæjarmyndinni.
<b>F34</b> Gamli skóli	Elsti skóli í Sandgerði stóð þar við Sandgerðistjörn.
<b>F35</b> Sandgerðistjörn	Tjörn sem setur sterkan svip á umhverfi sitt og er mikilvægt útivistarsvæði og lífríki.
<b>F36</b> Bjáskær	Bæjarhóll og merkar fornleifar.
<b>F40</b> Gálgar	Gálgaklettur eru tveir afgangir klettur með sundi á milli. Merkilegar kletta og sprungumyndanir.
<b>F43</b> Hafurbjarnarstaðir.	Að Hafurbjarnarstöðum hefur verið bær allt frá landnámsöld. Þar fannst kumlateigur úr heiðni árið 1868. Sá fundur er talinn með merkari fornleifafundum Íslandssögunnar. Í landi Hafurbjarnarstaðar endar Skagagarður (Stórigarður), þ.e. varnargarðurinn sem Sveitarfélagið Garður er nefnt eftir og liggur um sveitarfélögin.



## Kort yfir byggingartímabil







## Varðveislumat

	Fríðun skv. lögum um menningarminjar	Hverfisverndar-flokkur	Byggingarár	Byggingarefni
Austurgata 1			1944	Steinsteypt
Austurgata 3			1958	Steinsteypt
Austurgata 3a	Umsagnarskyld	Rauður	1923	Steinsteypt
Austurgata 7			1978	Steinsteypt
Austurgata 11		Rauður	1960	Steinsteypt
Brekkustígur 1		Gulur	1959	Steinsteypt
Brekkustígur 2		Gulur	1939	Steinsteypt
Brekkustígur 3		Gulur	1959	Steinsteypt
Brekkustígur 4		Gulur	1934	Timbur
Brekkustígur 5		Gulur	1960	Steinsteypt
Brekkustígur 6			1943	Steinsteypt
Brekkustígur 7		Gulur	1954	Steinsteypt
Brekkustígur 8	Umsagnarskyld	Gulur	1922	Timbur
Brekkustígur 9			1972	Steinsteypt
Brekkustígur 10		Gulur	1927	Timbur
Brekkustígur 11		Gulur	1944	Steinsteypt
Brekkustígur 12			1928	Timbur
Brekkustígur 13		Gulur	1944	Steinsteypt
Brekkustígur 14		Gulur	1947	Steinsteypt
Brekkustígur 16		Gulur	1951	Steinsteypt
Brekkustígur 18			1943	Steinsteypt
Brekkustígur 20		Gulur	1949	Steinsteypt
Hlíðargata 1			1947	Steinsteypt
Hlíðargata 2		Gulur	1948	Steinsteypt
Klappastígur 1			1972	Steinsteypt
Klappastígur 2			1950	Hlaðið úr steini
Norðurgata 11		Rauður	1964	Steinsteypt
Norðurgata 11a			1968	Annað
Norðurgata 15		Gulur	1951	Steinsteypt
Norðurgata 18		Rauður	1946	Steinsteypt
Strandgata 1a			1956	Steinsteypt
Strandgata 1b			1954	Annað
Strandgata 1c			1940	Annað
Tjarnargata 1-3		Rauður	1953	Steinsteypt
Tjarnargata 2	Umsagnarskyld	Gulur	1922	Timbur
Tjarnargata 4		Rauður	1934	Steinsteypt
Tjarnargata 6			1982	Steinsteypt
Tjarnargata 7	Friðað	Fjólublár	1883	Timbur
Tjarnargata 8		Gulur	1936	Steinbær
Tjarnargata 9			1952	Steinsteypt
Tjarnargata 10		Gulur	1945	Steinsteypt
Tjarnargata 11			1944	Steinsteypt
Tjarnargata 11a			1971	Steinsteypt
Tjarnargata 12			1940	Steinsteypt
Tjarnargata 17		Rauður	1928	Steinsteypt
Uppsalavegur 1			1947	Steinsteypt
Uppsalavegur 2			1953	Steinsteypt
Víkurbraut 1a			1943	Steinsteypt
Víkurbraut 1b			1934	Timbur
Víkurbraut 3			1947	Steinsteypt
Víkurbraut 5			1942	Steinsteypt
Víkurbraut 7			1950	Steinsteypt
Víkurbraut 9		Rauður	1929	Steinsteypt
Víkurbraut 9b			1930	Steinsteypt
Víkurbraut 11			1944	Steinsteypt
Víkurbraut 13			1943	Hlaðið úr steini
Víkurbraut 15	Umsagnarskyld	Rauður	1920	Timbur
Víkurbraut 17		Rauður	1932	Steinsteypt

## Húsaskrá



Fyrsti eigandi:  
Hönnuður: Einar Norðfjörð Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteipt

Steinsteipt

Húsið hefur verið klætt trapisustáli.

Útveggir: Múrsléttað

Bárujárn

Þakgerð: Valmaþak

Valmaþak

Þakklæðning: Bárujárn

Bárujárn

Undirstaða: Steinsteipt

Steinsteipt

Útlit: Einlyft

Útskot (karnap)

Útitróppur

Steiptur pallur

**Saga**

Húsið sem heitir Fagraland, stendur aftarlega á lóð langt frá götu. Yfirbragð frekar fábrotið.

Húsið hefur verið klætt trapisustáli.

Þaki hefur verið breytt þ.a. nú nær það út fyrir steiptan þakkant, sem er klæddur timbri með nýjum þakrennum.

Lóð er afgirt með girðingu.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Lágt

Látlaust alþýðuhús með tiltölulega lítið varðveislugildi.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Íbúðarhús.

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Er ekki mikilvægur hluti götumyndar en hluti þyrpingar norðan Austurgötu.

Upprunalegt gildi:

Miðlungs

Upprunalegt að formi, útveggjklæðing úr trapisustáli rýrir ásýnd.

Tæknilegt ástand:

Miðlungs

Ástand er sæmilegt.

**Varðveislugildi:**

Miðlungs

Hefur miðlungs varðveislugildi.

Verndarflokkar:



Fyrsti eigandi: Guðmundur Jónsson frá Hlíð  
Hönnuður: Einar Norðfjörð

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað	Viðbygging og bílskúr.	
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit:	Kjallari Útskot (karnap) Bílskúr Kvistir Tvílyft			
<b>Saga</b>				

Húsið var byggt af Guðmundi Jónssyni, vörubílstjóra og Jóni og Ólafi sonum hans. Stæðilegt hús. Kvistir eru annars vegar upp frá útvegg yfir svölum og hins vegar upp úr þakfleti. Nýtt anddyri. Lóð er afmörkuð með girðingu. Aftarlega á lóð er steinsteiptur bílskúr með gaflsneiddu bárújárnþaki.

### Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlung	Stæðilegt hús með útskoti og kvistum. Viðbygging, ástand og nýlegur bílskúr á lóð rýra ásýnd.
Menningsögulegt gildi:	Miðlung	Myndarlegt íbúðarhús frá sínum tíma.
Umhverfisgildi:	Miðlung	Götumynd Austurgötu norðanverðrar er lítið mótuð. Húsið á er hluti af umhverfinu og götumyndinni.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er upprunalegt að formi að frátöldu nýju anddyri.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Ástand ekki gott.

<b>Varðveislugildi:</b>	Miðlung	Húsið hefur ekki sérstakt varðveislugildi.
Verndarflokkar:		

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður: Óþekktur

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	Viðbygging.	
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteyp		Steinsteyp		
Útlit: Einlyft				
	Bílskúr			

## Saga

Húsið sem heitir Skeiðflöt, er elsta steinsteypa húsið í Sandgerði. Húsinu hefur verið vel viðhaldið. Byggt hefur verið við húsið til norðurs. Stakstæður steinsteypur bílskúr með einhalla bárújárnsþaki. Veggir eru sléttþússaðir og hraunaðir. Húsið stendur á baklóð. Á lóðamörkum við aðkeyrslu er girðing.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Húsið er elsta steinsteypa húsið í Sandgerði. Viðbyggingar og viðhald taka mið af upprunalegu yfirbragði.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Skemmtilega staðsett í landi þ.a. rýmismyndun er við hól norðan og austan húss. Hluti þyrpingar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggt hefur verið við húsið og það fengið þokkalegt viðhald með upprunalega ásýnd til hliðsjónar.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Gott.

## Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Hátt Hefur hátt varðveislugildi sem elsta steinsteypa hús í Sandgerði.

Götumynd - rauður litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Helgi Kr. Þorgilsson, Anna Sólveig Þórólfsdóttir  
Hönnuður: Óþekktur

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt	Viðbygging.	
Útveggir: Bárújárn		Bárújárn		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Tvílyft		Útveggir eru að littlum		
Ris		hluta einnig klæddir		
Bílskúr		timburpanel og		
		múrsléttaðir.		

## Saga

Húsið heitir Pórshamar. Helgi Kristinn Þorgilsson og Anna Sólveig Þórólfsdóttir byggðu þetta hús. Mikil tvílyft viðbygging er við suðurhlið upprunalegs húss sem byggt var af Júníusi Guðnasyni. Sunnan við húsið eru nýlegir skjólveggir. Húsið er klætt trapisustáli og timbri að hluta.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Stór viðbygging í sérkennilegum hlutföllum rýrir yfirbragð.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús
Umhverfisgildi:	Lágt	Lítill samsvörun við nærliggjandi hús í þyrpingu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Lítill upprunaleiki. Viðbygging rýrir
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand er mjög gott.
Varðveislugildi:	Lágt	Hefur ekki sérstakt varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jón Garðar Guðmundsson og Ása Eyjólfsdóttir  
Hönnuður: Guðmundur Kr. Kristinsson

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Steinsteyp

Breytingar á anddyri.

Útveggir: Múrsléttað

Múrsléttað

Þakgerð: Einhalla (skúrþak)

Einhalla (skúrþak)

Þakklæðning: Bárújárn

Bárújárn

Undirstaða: Steinsteyp

Steinsteyp

Útlit: Tvílyft

**Saga**

Jón Garðar Guðmundsson, skipstjóri byggði húsið. Tvílyft steinsteyp íbúðarhús, byggt 1960. Gott dæmi um módernisma í íslenski byggingarlist. Húsið stendur á hornlóð.

Breytingar hafa verið gerðar á anddyri. Rýra þær ásýnd hússins og eru ekki í anda þess sem fyrir er. M.a. hefur útveggur við inngang verið klæddur með svörtum steinflísum.

Hár steypur veggur sem er hluti af formi hússins gengur í vestur frá aðalinngangi og er mikilvægur þáttur í rýmismótun við aðkomu hússins. Há trégirðing er á lóðarmörkum til norðurs og austurs.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Hátt

Mjög gott dæmi um metnaðarfullan arkitektúr módernisma.

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Íbúðarhús.

Umhverfisgildi:

Hátt

Hornhús sem er mikilvægt í götummynd.

Upprunalegt gildi:

Miðlungs

Húsið er upprunalegt að frátöldum breytingum á anddyri.

Tæknilegt ástand:

Hátt

Ástand er gott.

**Varðveislugildi:**

Hátt

Varðveislugildi er talsvert vegna byggingarlistar og umhverfis.

Verndarflokkar:

Götummynd - rauður litur á korti

Fyrsti eigandi: Jón Axelsson og Bergþóra Þorbergsdóttir  
Hönnuður: Guðmundur Kr. Kristinsson

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft Bílskúr Útitróppur Skyggni með ljósgötum			

## Saga

Húsið var byggt af Jóni Axelssyni, kaupmanni og Bergþóru Þorbergsdóttur. Jón og Þorbjörn Einarsson byggðu í félagi tvö samskonar hús við Nónvörðu í Keflavík.

Á lóðinni stendur stakstæður bílskúr. Steyptur, sléttþússaður með einhalla þaki með bárujárn sem er í góðu samræmi við íbúðarhús.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Gott dæmi um vandað íbúðarhús frá þessum tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Íbúðarhús.
Umhverfsgildi:	Hátt	Er í byggingarlínu og styður götumynd.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Upprunalegt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Ástand er mjög gott.

## Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Miðlungs Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar og vegna byggingarlistar, gott dæmi um steypt íbúðarhús frá 6. áratug síðustu aldar.

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Stefán Sigurðsson/Karl Bjarnason?  
Hönnuður: Óþekktur

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Valmaþak		Valmaþak		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Útitróppur Einlyft Kjallari				

## Saga

Húsið sem heitir Skeljaberg var byggt af Stefáni Sigurðssyni/Erlingi Jónssyni/Karli Bjarnasyni.

Suðurhlið hússins og viðbygging með útistiga klædd steniþlötum en aðrir útveggir múraðir sléttir. Málað hefur verið yfir slétta múrhúð og komnir nýir gluggar. Ástand er nokkuð gott.

Húsið stendur í byggingarlínu sunnan götu og er þar hluti af röð smágerðra húsa í vel afmarkaðri götumynd.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlung	Smágerst steinsteipt hús frá ofanverðum 4. áratug síðustu aldar
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Dæmigert íbúðarhús frá þessum tíma.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti götumyndar.
Upprunalegt gildi:	Miðlung	Nokkuð upprunalegt. Þakkantur rýrir gildi.
Tæknilegt ástand:	Miðlung	Ástand er nokkuð gott.

**Varðveislugildi:** Hátt Húsið hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar.

Verndarflokkar:

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Kristinn Guðjónss. og Jóhanna Vilmundardóttir  
